

HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2015

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2015 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 21. ágúst 2015.



Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2015 var 338 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2014 upp á 351 m.kr.

EBITDA hækkar milli tímabila, EBITDA á fyrri helmingi 2015 var 940 m.kr. (32,9%) á móti 849 m.kr. (32,5%) á sama tímabili árið 2014.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárhlutfall þann 30. júní 2015 er 40,6% þrátt fyrir kaup á eigin bréfum (2 milljarðar) og arðgreiðslu (450 m.kr.).

Veltufjárhlutfall var 3,39 þann 30. júní 2015 samanborið við 3,68 í árslok 2014.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok júní áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2015 nam 338 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2014 uppá 351 m.kr. Þetta er minnkun hagnaðar upp á 13 m.kr. sem skýrist að mestu af hækkun verðbóta og lífeyrisskuldbindingar. Hækkun tekna nam 250 m.kr. Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding á fyrri helming ársins 2015 var 65 m.kr. á móti gjaldfærslu upp á 13 m.kr. á sama tímabili á árinu 2014. Verðbætur langtímalána hækka um 82 m.kr. á milli tímabila.

Tekjur hækkuðu um 9,6% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2015, 2.862 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.433 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 944 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 291 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 193 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2014 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 2.612 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.302 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 871 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 276 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 162 m.kr.

Kostnaðarverð hækkaði um 6,8% á milli ára á meðan tekjur jukust um 9,6%. Kostnaðarverð sölu nam 1.930 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2015 (67,5% m.v. tekjur) á móti 1.808 m.kr. á sama tímabili 2014 (69,2% m.v. tekjur). Helsta kostnaðaraukning á milli tímabila eru kaup á heitu vatni, raforku og rafokulfutningi sem hækka um 150 m.kr. Rekstur megindeilda lækkar um 92 m.kr. á milli ára, sem skýrist fyrst og fremst af kostnaði vegna skerðingar Landsvirkjunar á ótryggri orku á árinu 2014.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á milli tímabila um 46 m.kr. var 281 m.kr. á fyrri helmingi 2015 og 235 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2014. Þessi breyting skýrist að mestu með breytingu á lífeyrisskuldbindingu, en gjaldfærð lífeyrisskuldbinding fyrir fyrri helming ársins 2015 var 65 m.kr. á móti gjaldfærslu um 13 m.kr. 2014.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 255 m.kr. fyrir hluta ársins 2015 á en voru neikvæð upp á 157 m.kr. á sama tímabili 2014, eða alls hækkun á milli ára um 98 m.kr. Þessa lækkun má rekja til hærri verðbóta vegna hækkunar langtímalána og meiri verðbólgu en verðbætur fyrir hluta 2015 voru um 157 m.kr. á móti 75 m.kr fyrir sama tímabil árið 2014. Fjármunatekjur aukast úr 72 m.kr. árið 2012 í 81 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2015.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 57 m.kr. fyrir fyrri hluta 2015 á móti 61 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2014. Taka skal fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 97 m.kr. en var jákvæð um 96 m.kr. á sama tímabili árið 2014.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2015 er 940 m.kr. (32,9%) á móti EBITDA 849 m.kr. (32,5%) fyrir sama tímabil árið 2014.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2015 bókfærðar á 19.907 m.kr. Eignir hækkuðu um 729 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum á fyrri hluta 2015 námu alls um 382 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 268 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 36 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 31 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í rekstrarfjármunum 361 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 324 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 20 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 6 m.kr.

Eigið fé HS Veitna hf nam 8.083 m.kr. þann 30. júní 2015 (eiginfjárlutfall 40,6%) en eigið fé í ársbyrjun var 10.195 m.kr. (eiginfjárlutfall 53,2%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2015 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2015		01.01. - 30.06. 2014		Breyting milli ára
		%		%	
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	2.861.534	100,0%	2.611.595	100,0%	9,6%
Kostnaðarverð sölu	(1.930.217)	(67,5%)	(1.807.772)	(69,2%)	6,8%
Vergur hagnaður	931.317	32,5%	803.823	30,8%	15,9%
Annar rekstrarkostnaður	(280.836)	(9,8%)	(234.884)	(9,0%)	19,6%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	650.481	22,7%	568.939	19,9%	14,3%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(254.918)	(8,9%)	(157.545)	(6,0%)	61,8%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	395.563	13,8%	411.394	15,8%	(3,8%)
Tekjuskattur	(57.371)	(2,0%)	(60.794)	(2,3%)	(5,6%)
Hagnaður tímabilsins	338.192	11,8%	350.600	13,4%	(3,5%)
	30.6.2015		31.12.2014		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	16.132.668	81,0%	15.894.836	85,1%	1,5%
Veltufjármunir	3.774.296	19,0%	2.781.221	14,9%	35,7%
Eignir samtals	19.906.964	100,0%	18.676.057	93,8%	6,6%
Eigið fé	8.083.000	40,6%	9.741.103	52,2%	(17,0%)
Langtímaskuldir	10.709.562	53,8%	8.186.046	43,8%	30,8%
Skammtímaskuldir	1.114.402	5,6%	748.908	4,0%	48,8%
Skuldir og eigið fé samtals	19.906.964	100,0%	18.676.057	100,0%	6,6%
Kennitölur					
EBITDA	939.675	32,8%	848.787	32,5%	10,7%
Veltufjárlutfall	3,39		3,71		(8,8%)
Eiginfjárlutfall	40,6%		52,2%		(22,2%)

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200/860 5208.